

Starfsáætlanir frístunda 2024

Forstöðumenn frístunda við 8 grunnskóla Kópavogs hafa skilað starfsáætlun fyrir sína starfsstöð fyrir skólaárið 2024-2025. Ein frístund á eftir að skila og fékk frest fram í byrjun nóvember þar sem forstöðumaður er í veikindaleyfi en kemur til starfa um mánaðamótin. Þetta er í 9. skiptið sem slíkum áætlunum er skilað til grunnskóladeildar og fara þarf eftir fyrirframgefnum ramma um innihald.

Allar starfsáætlanir frístundanna þetta árið eru vel unnar og fram settar með forsiðu og eftirfarandi efnisyfirliti:

1	Hagnýtar upplýsingar: sími, netfang, umsóknir og innritun, opnunartími (daglegur og skólaárið), breytingar á vistun, hvernig forföll eru tilkynnt, fjöldi barna eftir aldri og fl.
2	Gjaldskrá og innheimta - Gjaldskrá: vísa á eftirfarandi slóð: https://www.kopavogur.is/is/gjaldskra - ferli innheimtu (sjá aftast í þessu skjali)
3	Starfið í vetur - frístund - Gerð grein fyrir áherslum í starfinu - Dagsskipulag - Námskeið sem kennarar sjá um (kennaratímar) - Lýsing á samstarfi við íþrótt- og tómstundastarf Starfið í vetur – klúbbastarf - Hvernig er skipulagi á klúbbastarfinu háttað - Námskeiðsform - Hvaða starfsmenn koma að starfinu: Kennarar – starfsmenn félagsmiðstöðva, frístundaleiðbeinendur frístunda
4	Skólabragur/reglur - Lýsing á verkefnum sem móta jákvæð samskipti í frístund - Lýsing á reglum í frístunda og viðbrögðum við frávikum frá þeim - Lýsing á því hvernig brugðist er við ef grunur vaknar um einelti
5	Barnaráð Barnaráð, hverjir sitja þar og hvernig er ráðið skipulagt
6	Foreldrasamstarf Gera grein fyrir samstarfi við foreldra og upplýsingamiðlun til þeirra um starfið
7	Öryggi og verkferlar - Fyrirkomulag inn- og útskráningar barna - Barn mætir ekki - Barn týnist - Á ferð með börnin - Að fara í íþróttarútu - Alvarleg slys - Smávægilegir áverkar - Rýmingaráætlun - Viðbrögð við vá
8	Hressing Hvernig er skipulagið
9	Innra mat - Lýsing á sjálfsmati frístunda - Gera skal grein fyrir hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats á árinu

	Ytra mat - Lýsing á þjónustukönnun frístunda - jákvæðar niðurstöður þjónustukönnunar - Tækifæri til umbóta í kjölfar þjónustukönnunar
10	Símenntunaráætlun Hvaða námskeið og fræðsla fyrir starfsfólk eru skipulögð af skólans hálfu
11	Listi yfir frístundaleiðbeinendur
12	Annað sem varðar starfsemina

Vinnuferlið við yfirferð starfsáætlananna er að verkefnastjóri á grunnskóladeild fær starfsáætlanirnar sendar til sín. Hann yfirfer síðan ritin í samræmi við efnisyfirlitið og sendir forstöðumönnum matsblað með athugasemdum til baka. Ef gera þarf breytingar eða viðbætur á starfsáætlun er farið fram á að forstöðumenn sendi uppfært eintak aftur til verkefnastjóra áður en starfsáætlun er birt á vefsíðu viðkomandi skóla. Þannig er tryggt að allar starfsáætlanir standist viðmið.

Fjöldi barna í frístundum

Heildarfjöldi barna í frístundum við grunnskóla Kópavogs skólaárið 2024-2025 er 1350 og hefur fjölgað um 68 frá fyrra skólaári. Í töflunni hér að neðan má sjá fjölda barna í hverri frístund og skiptingu fjölda eftir árgöngum:

Fjöldi skráður í frístund	1.b	2.b	3.b	4.b	Alls
Álfhóll - Álfhólsskóli	47	47	42	9	145
Hörðuheimar – Hörðuvallaskóli	75	59	49	4	187
Vinahóll – Kársnesskóli	57	71	57	18	203
Stjarnan – Kópavogsskóli	41	25	23	15	104
Demantabær – Lindaskóli	41	53	43	33	170
Dægradvöl - Salaskóli	38	27	47	4	116
Drekaheimar - Smáraskóli	42	40	37	1	120
Krakkaland – Snælandsskóli	51	45	36	28	160
Stjörnuheimar - Vatnsendaskóli	47	43	41	14	145
Alls	439	410	375	126	1350

Til samanburðar sýnir taflan hér að neðan fjölda barna skráðan í hvern árgang eftir skólum:

Fjöldi skráður í skóla	1.b	2.b	3.b	4.b	Alls
Álfhólsskóli	55	53	55	47	210
Hörðuvallaskóli	79	61	75	76	291
Kársnesskóli	58	75	72	57	262
Kópavogsskóli	41	28	24	54	147
Lindaskóli	41	53	45	49	188
Salaskóli	38	27	53	49	167
Smáraskóli	43	42	46	46	177
Snælandsskóli	52	46	38	46	182
Vatnsendaskóli	47	45	54	52	198
Alls	454	430	462	476	1822

Hlutfall barna skráð í frístund má sjá í töflunni hér fyrir neðan:

Fjöldi skráður í frístund	1.b	2.b	3.b	4.b
Álfhóll - Álfhólsskóli	85%	89%	76%	19%
Hörðuheimar – Hörðuvallaskóli	95%	97%	65%	5%
Vinahóll – Kársnesskóli	98%	95%	79%	32%
Stjarnan – Kópavogsskóli	100%	89%	96%	28%
Demantabær – Lindaskóli	100%	100%	96%	67%
Frístund - Salaskóli	100%	100%	89%	8%
Drekaheimar - Smáraskóli	98%	95%	80%	2%
Krakkaland – Snælandsskóli	98%	98%	95%	61%
Stjörnuheimar - Vatnsendaskóli	100%	96%	76%	27%

Styrkleikar

Frístundastarf í Kópavogi býr yfir ýmsum styrkleikum sem hér eru dregin fram í nokkrum punktum:

1. Aðlögun að aðstæðum og fjölbreytni: Starfsstöðvar frístunda eru fjölbreyttar í stærð og aðstöðu, en allar eiga það sameiginlegt að forstöðumenn eru áhugasamir og fagmenn sem laga starfið að aðstæðum hvernar stöðvar. Þetta tryggir fjölbreytt og áhugavert starf fyrir börn á mismunandi aldri, þar sem bæði 1.-2. bekkur og 3.-4. bekkur fá sérsniðið starf sem hentar þeim.
2. Valhópar og nýjungar: Frístundir bjóða upp á valhópa sem eru skipulagðir í samráði við börnin, sérstaklega fyrir nemendur í 3. og 4. bekk. Þetta tryggir að starfið haldist áhugavert fyrir eldri börnin, sem fá tækifæri til að hafa áhrif á það sem í boði er, til dæmis í formi smíðja og klúbbstarfs.
3. Barnalýðræði: Barnaráð, þar sem börn frá öllum árgöngum hittast til að ræða frístundastarfið og koma með tillögur, er sterkur þáttur í lýðræðislegu uppeldi. Þetta skapar rými fyrir börn til að hafa áhrif á eigið nám og afþreyingu.
4. Félagsþjálfun og jákvæður skólabragur: Í öllum frístundum er markvisst unnið að því að þjálfra félagsfærni og stuðla að jákvæðum skólabrag. Dæmi um þetta er stefna Álfhóls um jákvæðan skólabrag, og þátttaka barna í skákkennslu og skólakórnum, sem efla félagsleg tengsl og samvinnu.
5. Jákvæðar fyrirmyndir: Forstöðumenn og starfsmenn frístunda leggja mikla áherslu á að vera góðar fyrirmyndir fyrir börnin, með því að sýna jákvæð samskipti og stuðla að öryggi og vellíðan.
6. Eineltisforvarnir og samskipti: Starfsstöðvar eins og Drekaheimar, Stjarnan og Stjörnuheimar vinna eftir uppbyggingarstefnunni „Uppeldi til ábyrgðar“, þar sem lögð er áhersla á að fyrirbyggja einelti og stuðla að jákvæðum samskiptum. Þetta tryggir að öll börn fái virðingu og umhyggju í frístundastarfi. Allar frístundir vinna í þéttru samstarfi með skólunum ef upp koma eineltismál sem þarf að leysa.
7. Öryggi og ferlar: Allar frístundir starfa eftir öryggisferlum Kópavogsbæjar til að tryggja öryggi barnanna, sem er mikilvægt fyrir bæði börn og foreldra.

Þessir styrkleikar leggja grunninn að öflugu, fjölbreyttu og öruggu frístundastarfi í Kópavogi og gera það að jákvæðri og uppbyggilegri reynslu fyrir börnin.

Öryggisferla má sjá sem fylgiskjal aftast í þessu skjali.

Dæmi um dagskipulag í frístundum

Vikuskipulag Demantabæjar - 1. - 4. Bekkur

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Kl. 13:20-14:00 1. bekkur – Val (st. 1, 2 eða 3) 2. bekkur – Útivist 3. bekkur – Íþróttahús (og val, 2 hópar) 4. bekkur - Hreysti / útivist / matreiðsla Lego námskeið 1. - 2. b	Kl. 13:20-14:00 1. bekkur – Útivist 2. bekkur – Val (st. 1, 2 eða 3) Myndlist 2. bekkur 3. bekkur – Útivist Matreiðsla 3. b (hópur)	Kl. 13:20-14:00 1. bekkur – Útivist 2. bekkur – Útivist Matreiðsla 2. b (hópur) 3. bekkur – Val (st. 1, 2 eða 3) 4. bekkur Kahoot	Kl. 13:20-14:00 1. bekkur – Val (st. 1, 2 eða 3) 2. bekkur – Útivist 3. bekkur – Val (st. 1, 2 eða 3) Matreiðsla 3. b (hópur) 4. bekkur - Íþróttahús Skák 2. bekkur / Skák 1. bekkur	Kl. 13:20-14:00 1. bekkur – Útivist 2. bekkur – Íþróttahús / Val 3. bekkur – Útivist / Myndlist 4. bekkur - Myndlist
Kl. 14:00-14:20 Kaffi 1. – 4. bekkur (íþróttabörn kaffi 13:40-14:00)	Kl. 14:00-14:35 Kaffi 1. – 4. bekkur (íþróttabörn kaffi 13:40-14:00)	Kl. 14:00-14:20 Kaffi 1. – 4. bekkur (íþróttabörn kaffi 13:40-14:00)	Kl. 14:00-14:30 Kaffi 1. – 4. bekkur (íþróttabörn kaffi 13:40-14:00)	Kl. 14:00-14:20 Kaffi 1. – 4. bekkur (íþróttabörn kaffi 13:40-14:00)
Kl. 14:20-15:00 1. bekkur – Útivist 2. bekkur – Val (st. 1, 2 eða 3) 3. bekkur – Íþróttahús Lego námskeið 1. - 2. b Tennis 1. - 4. bekkur	Kl. 14:20-15:00 1. bekkur – Val (st. 1, 2 eða 3) 2. bekkur – Útivist 3. bekkur – Val / bókasafn Textill 3. bekkur 4. bekkur Vísindaklúbbur	Kl. 14:20-15:00 1. bekkur – Sögustund / Val 2. bekkur – Íþróttahús / Val (2 hópar) 3. bekkur – Útivist / val / Kahoot	Kl. 14:30-15:00 1. bekkur – Útivist 2. bekkur – Val (st. 1, 2 eða 3) 3. bekkur – matreiðsla Val / Íþróttahús (2 hópar) Skák 3. og 4. bekkur	Kl. 14:20-15:00 1. bekkur – Val (st. 1, 2 eða 3) 2. bekkur – Íþróttahús / Val 3. bekkur – Útivist / Val Kór Lindaskóla – 2. - 4. bekkur
Kl. 15:00-16:00 1. bekkur – Íþróttahús (og val, 2 hópar) 2. bekkur – Val (st. 1, 2 eða 3) 3. bekkur – Útivist 30 mín, svo val Lego námskeið 3. - 4. b	Kl. 15:00-16:00 1. bekkur – Val (st. 1, 2 eða 3) 2. bekkur – Val / bókasafn 3. bekkur – Útivist 30 mín, svo val	Kl. 15:00-16:00 1. bekkur – Val (st. 1, 2 eða 3) 2. bekkur – Íþróttahús (og val, 2 hópar) 3. bekkur – Val (st. 1, 2 eða 3)	Kl. 15:00-16:00 1. bekkur – Val (st. 1, 2 eða 3) 2. bekkur – Val (st. 1, 2 eða 3) 1. og 2. bekkur - val um íþróttahús 3. bekkur – Útivist / val	Kl. 15:00-16:00 Allir, 1., 2. og 3. bekkur Val / Íþróttahús / Útivist HipHop 2. - 4. bekkur Föstudagsbíó

Klúbbastarf í Krakkalandi á haustönn 2024

Mánudagar	Þriðjudagar	Miðvikudagar	Fimmtudagar	Föstudagar
Bókasafnslúbbur: Magnús Barnaráð 3.& 4.B: Starfsfólk	Barnaráð 2.B: Starfsfólk Íþróttahópur: Starfsfólk	Barnaráð 1.B: Starfsfólk	Íþróttahópur: Starfsfólk	Ipadhópur: Magnús Bíó/Just Dance: Starfsfólk

Ath. Með fyrirvara um breytingar. Klúbba- og hópastarfið er í stöðugri þróun.

Víkuskipulag í Hörðuheimum:



Kastalinn
16.-20.
september

MÁNUDAGUR

Lita og perla



ÞRIÐJUDAGUR

Hreyfisalur
Floor is lava

Frjálst í Kastalastofu

MIDVIKUDAGUR

Lita og leira

Kastalinn



FIMMTUDAGUR

Tónmentastofan
Guess the logo



FÖSTUDAGUR

Heimilisfræðistofan
Kókoskúlur



Símanúmer
Kastalans er
8255949



Dagskráin er gerð
með fyrirvara um
breytingar



Skipulag fyrir september í frístund Salaskóla:

1. Bekkur





Antonia Ísak Elísabet

1.-2.BEKKUR
2.sept - 27.sept

2. Bekkur





Diljá Patrik Ríkey

MÁN

Körfubolta klúbbur



ÞRIÐ

Föndur



MIÐ

Hjóladagur




FIMMT

Star wars klúbbur



FÖST

Föstudagsfjör



ANNAÐ

Frjáls leikur og útvera er alltaf í boði

Símar og símaúr eru bönnuð

Skilaboð skulu berast í tölvupósti fyrir kl 13:00 eða í bekkjarsíma eftir kl 13:00

1.Bekkur: **839 - 7901**
2.Bekkur: **839 - 7902**
Tölvupóstur:
salafristund@kopskolar.is

*Dagskráin getur breyst án fyrirvara

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

5

Dagskipulagið í Stjörnunni:

Dagsskipulag

Klukkan	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
13:10	Innskráning í Stjörnuna og útivera	Innskráning í Stjörnuna og útivera	Innskráning í Stjörnuna og útivera	Innskráning í Stjörnuna og útivera	Innskráning í Stjörnuna og útivera
13:45	 Síðdegishressing	 Síðdegishressing	 Síðdegishressing	 Síðdegishressing	 Síðdegishressing
14:10	Val/Hópastarf 	Val/Hópastarf	Val/Hópastarf 	Val/Hópastarf 	Föstudags bíó 
15:40	 Útivera	 Útivera	 Útivera	 Útivera	 Útivera
16:00	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur
16:30	Lokað	Lokað	Lokað	Lokað	Lokað

Skipulagið í Vinahól 1. og 2. bekkur

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
13:20	Mæting í Vinahól	Mæting í Vinahól	Mæting í Vinahól	Mæting í Vinahól	Mæting í Vinahól
	Útivera	Útivera	Útivera	Útivera	Útivera
13:30	Drekkutími	Drekkutími	Drekkutími	Drekkutími	Drekkutími
	Útivera	Útivera	Útivera	Útivera	Útivera
14:30	Val / Hópastarf	Val	Val	Val / Hópastarf	Val og bíó
16:00	Rólegheit í Vinahól	Rólegheit í Vinahól	Rólegheit í Vinahól	Rólegheit í Vinahól	Rólegheit í Vinahól

Skipulagið í Vinahól 3. og 4. bekkur

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
13:20	Mæting í Vinahól	Mæting í Vinahól	Mæting í Vinahól	Mæting í Vinahól	Mæting í matsal
	Val	Klubbastarf	Klubbastarf	Klubbastarf	Útivera
14:30	Drekkutími	Drekkutími	Drekkutími	Drekkutími	Drekkutími
	Útivera	Útivera	Útivera	Útivera	Val og bíó
15:30	Val	Val	Val	Val	
16:00	Rólegheit í Vinahól	Rólegheit í Vinahól	Rólegheit í Vinahól	Rólegheit í Vinahól	Rólegheit í Vinahól

Niðurstöður þjónustukönnunar

Þó að margt í frístundastarfi sé vel gert, er alltaf hægt að bæta sig. Í janúar 2024 var send út þjónustukönnun til foreldra allra barna í frístund og var hún opin í tvær vikur. Tilgangurinn með könnuninni var að fá fram skoðanir foreldra á gæðum frístundastarfsins í Kópavogi, með það að markmiði að varpa ljósi á bæði það sem vel er gert og það sem má bæta. Þessi endurgjöf er dýrmæt, ekki aðeins fyrir forstöðumenn og skólastjórnendur til að átta sig á því sem vel gengur, heldur fyrst og fremst til að bæta það sem betur má fara.

Spurt var um ýmis atriði, svo sem upplýsingagjöf, aðgengi að forstöðumönnum, ánægju með síðdegishressingu, aðstöðuna í frístundinni og hvað mætti bæta þar. Einnig var spurt hversu ánægðir foreldrar töldu börn sín vera í frístund og hversu ánægðir þeir væru sjálfir með frístundina.

Spurt var sérstaklega út í starfið í frístundinni: hvort næg tækifæri væru til útiveru, nægt næði, hvort starfsfólk tæki fagmannlega á málum, hvort fjölbreytt verkefni væru í boði og hvort börnin gætu leitað til starfsfólks ef eitthvað kæmi upp á.

Að lokum gátu foreldrar komið með frekari athugasemdir um starfið í frístund.

Alls bárust 492 svör. Þegar könnunin var send út voru 1.261 börn skráð í frístundina, sem gaf 39% þátttökuhlutfall.

Það er greinilegt að flestir foreldrar eru ánægðir með upplýsingagjöfina frá frístund, þar sem 85% foreldra telja hana nægilega. Hins vegar eru nokkrir þættir sem mætti bæta fyrir þá foreldra sem vilja meiri upplýsingar. Þar má nefna:

- 1. Starf og skipulag:** Foreldrar vilja betri innsýn í daglegt skipulag og upplýsingar um starfsemina.
- 2. Dagskrá og upplýsingaflæði:** Betri upplýsingar um dagskrá, upplýsingar fyrirfram í stað eftir á, og nánari upplýsingar um það sem er í boði dag frá degi.
- 3. Nöfn starfsmanna:** Að foreldrar fái upplýsingar um hverjir starfa með börnunum.
- 4. Hressing:** Skýrari upplýsingar um hvaða hressing er í boði.
- 5. Óskilamunir:** Foreldrar vilja vera betur upplýstir um óskilamuni.
- 6. Atvik:** Foreldrar vilja fá upplýsingar um atvik eða það sem kann að koma upp á.

Um aðgengi forstöðumanna eru 75% foreldra mjög ánægðir, þar sem þeir gáfu einkunn á bilinu 8–10, en tæp 25% foreldra telja að aðgengi mætti vera betra (einkunn 0–7).

Þegar kemur að hressingu eru foreldrarnir skiptast í tvennt. Helmingur þeirra er mjög ánægður (einkunn 8–10), en hinn helmingurinn er minna ánægður (einkunn 0–7). Þessi niðurstaða bendir til þess að skoða þurfi betur hvað veldur óánægju með hressinguna.

Hvað aðstöðuna varðar, eru flestir foreldrar ánægðir, þar sem 57% gáfu aðstöðunni góða einkunn (8–10), en 43% foreldra telja að það mætti bæta aðstöðuna (einkunn 0–7).

Þegar spurt var um hvað mætti bæta í aðstöðu frístundar komu samtals 151 svör sem tekin hafa verið saman í eftirfarandi punkta:

1. Rými og húsnæði: Algengt áhyggjuefni er skortur á plássi, sérstaklega í fataklefum og almennu húsnæði, sem veldur þrengslum, hávaða og óþægindum fyrir börnin. Margir foreldrar lýsa yfir óánægju með þröngt húsnæði, lélega hljóðvist og skort á góðri aðstöðu til að draga úr áreiti og stressi.

2. Starfsfólk og eftirlit: Foreldrar nefna að starfsfólk sé oft í símanum eða virðist ekki taka eftir börnunum þegar þau eru sótt. Þau óska eftir betri samskiptum, að heilsað sé þegar börnin eru sótt, og að starfsfólk sýni meiri athygli og hluttekningu. Einnig er kallað eftir bættri þjálfun fyrir starfsfólk til að vinna með börn með greiningar og árekstra.

3. Dagskrá og verkefni: Margir foreldrar vilja fjölbreyttari verkefni fyrir börnin, minni skjátíma og meiri virkni, eins og klúbbastarf, hópleiki og skapandi verkefni. Sumir foreldrar kvarta yfir því að börnin séu of mikið að horfa á sjónvarp og að skipulagðri dagskrá sé ekki alltaf fylgt.

4. Skipulag og umsjón: Skipulagsleysi er áberandi áhyggjuefni, þar sem margir foreldrar nefna að börnin virðist oft á vergangi eða án eftirlits, sérstaklega í útivist. Það er einnig kallað eftir betri frágangi í fataklefum og aðstoð við börn að ganga frá fötum og eigum sínum.

5. Síðdegishressing og hollusta: Sumir foreldrar hafa áhyggjur af síðdegishressingu, þar sem börn segjast ekki fá að borða eða það sé ekki nægur valkostur. Það er óskað eftir hollari valmöguleikum, sérstaklega grænmeti.

6. Yfirferð á óskilamunum: Foreldrar vilja betri yfirferð á óskilamunum og betra skipulag á því hvernig eigur barna eru geymdar og merktar til að auðvelda skil.


Þegar spurt var hversu ánægt eða óánægt telur þú barn þitt hafa verið í frístundinni í vetur voru svörin á þá leið að af 487 svörum gáfu 312 svör á bilinu 8 – 10 en 175 gáfu einkunn á skalanum 0 – 7.

Þegar foreldrar voru spurðir hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með frístundina þegar á heildina væri litið voru svörin eftirfarandi: Af 486 svörum voru 320 sem gáfu einkunn á skalanum 8 – 10 og 166 sem gefa einkunn á skalanum 0 – 7.

Loks voru foreldrar spurðir hversu sammála eða ósammála þeir væru eftirfarandi fullyrðum:

- Í frístund eru næg tækifæri til útiveru
- Í frístund eru tækifæri til að vera í rólegheitum og næði

- Starfsfólk frístunda tekur fagmannlega á málum sem koma upp
- Starfsfólk frístunda leggur áherslu á samstarf við foreldra
- Starfið býður upp á fjölbreytt verkefni
- Barnið/börnin geta leitað til starfsfólks ef eitthvað kemur upp á



Á myndinni sést stöplarit sem sýnir svörun foreldra varðandi frístundastarfið á mismunandi sviðum. Hver spurning hefur nokkra svarmöguleika, frá "Mjög sammála" (grænn), "Frekar sammála" (gulur), "Hvorki né" (blár), "Frekar ósammála" (rauður) til "Mjög ósammála" (dökkgrænn). Hér er samantekt á helstu niðurstöðum:

1. Tækifæri til útiveru: 81,15% (grænn og gulur) eru sammála um að næg tækifæri séu til útiveru í frístund.
2. Tækifæri til að vera í róleghæitum: Um það bil helmingur (49,8%) er sammála, en 28,72% eru ósammála eða mjög ósammála.
3. Starfsfólk tekur fagmannlega á málum: 59,54% eru sammála því að starfsfólk frístundar taki fagmannlega á málum, en 6,92% eru mjög ósammála.
4. Áhersla á góð samskipti: 61,59% eru sammála um að starfsfólk leggi áherslu á góð samskipti, þó eru 11,06% ósammála eða mjög ósammála.
5. Fjölbreytni í starfinu: 68,59% eru sammála um að starfið bjóði upp á fjölbreytni, en 8,06% eru mjög ósammála.
6. Aðgengi að starfsfólki: 75,73% eru sammála því að börnin geti leitað til starfsfólks ef eitthvað kemur upp á, en 6,64% eru mjög ósammála.

Tækifæri til úrbóta

Samantektin sýnir að almennt er jákvæð afstaða gagnvart frístundastarfi, þó eru nokkrir þættir, eins og tækifæri til að vera í róleghæitum og fagmennska, sem mætti bæta.

Samantekið, þá snúa helstu ábendingarnar að því að bæta húsnaði, efla starfsemi og virkni, bæta samskipti og auka eftirlit með börnum og umsjón með dagskrá.

Þetta gefur ykkur nokkra lykilþætti til að einblína á, svo sem aukna upplýsingagjöf, bættu aðstöðu og að skoða betur hressinguna.

Úrvinnsla úr þjónustukönnun:

Eftir að þjónustukönnuninni lauk fengu forstöðumenn sendar niðurstöður fyrir sína frístund með opnum svörum sem og heildarniðurstöður allra frístunda en án opinna svara svo að þau gætu borið sig saman við heildina.

Forstöðumenn fengu tíma til að rýna niðurstöðurnar og útbúa umbótaáætlanir til að bæta starfið. Sumar umbætur voru auðveldar í framkvæmd og fóru strax af stað, eins og t.d. að auka upplýsingaflæði til foreldra, hafa hollari hressingu og efla viðmót starfsmanna. Önnur atriði er erfiðara um vik að framkvæma í skyndi eins og t.d. það sem snýr að húsnæði.

Tekin hefur verið ákvörðun um að leggja þjónustukönnun fyrir árlega héðan í frá til að rýna starfið og fá utanaðkomandi sýn á það sem betur má fara. Svo má ekki gleyma því að flestir foreldrar eru ánægðir með frístundastarfið og það er gott fyrir forstöðumenn og frístundaleiðbeinendur að fá hrós fyrir það.

Eftirfylgni grunnskóladeildar

Verkefnastjóri á grunnskóladeild fundar mánaðarlega með forstöðumönnum frístunda til að samræma starfið og efla forstöðumenn frístunda faglega. Fundirnir eru haldnir í frístundunum og forstöðumenn skiptast á að bjóða á fundi til sín. Þar eru kynningar á starfinu hjá gestgjöfunum og þannig skiptist fólk á hugmyndum, bæði að viðfangsefnum, leikjum, uppröðun og skipulagningu starfsins.

Í ár eru allar frístundir með sömu skipulagsdagana, þann 13. nóvember og 12. mars 2025. Búið er að skipuleggja sameiginlega fræðslu frá KVAN fyrir alla frístundaleiðbeinendur um jákvæðan aga í frístundastarfi og hvernig byggja má upp skemmtilegt frístundastarf. Fyrirlesturinn verður klukkan 14:00 – 16:00 í Álfhólsskóla en fyrri hluta dagsins nýta forstöðumenn og skólastjórnendur til að undirbúa starfið á hverri starfsstöð fyrir sig.

Hekla Hannibalsdóttir
Verkefnastjóri

ÖRYGGISFERLAR

frístunda Kópavogsbæjar

- Veikindi og forföll á að tilkynna til skólaritara og forstöðumenn fara yfir skráningar dagsins í Mentor.
- Mikilvægt er að foreldrar hafi samband við forstöðumann ef aðstæður breytast hjá barninu.
- Alltaf þarf að hringja fyrir kl. 12.30.

BARN MÆTIR EKKI - BARN TÝNIST

- Talað við kennara og/öðra stuðningsfulltrúa í bekk barnsins.
- Ef barnið finnst er rætt við það um mikilvægi þess að mæta tímanlega og skrá sig inn, láta foreldra vita í lok dags.

BARN FINNST EKKI

- Ef barnið finnst ekki þá er hringt í foreldri og athugað hvort barnið hafi farið heim eða verið sótt.
- Leit endurtekin og einnig leitað í nálægð við skólann í samstarfi við forráðamenn.
- Haft samband við forráðamenn bekkjarfélaga og athugað hvort barn hafi farið heim með vini.

HAFT SAMBAND VIÐ LÖGREGLU

- Ef ekki gengur að finna barnið þá skal haft samband við lögreglu í samráði við forráðamenn (1-2 klst. eftir að barn hefur ekki látið sjá sig).

SMÁVÆGILEGIR ÁVERKAR

- Smávægilega áverka má skilgreina sem óhapp sem ekki þarf að leita til læknis, t.d. skrámur, marblettir, blóðnásir, skurðir og skeinur.
- Gert er að áverkum með búnaði úr sjúkrakassa á staðnum.
- Ef barninu er ekki treyst í frekari dagskrá þá skal haft samband við forráðamenn.

ALVARLEGIR ÁVERKAR

- Alvarlega áverka má skilgreina sem óhapp þar sem leita þarf til læknis, s.s. alvarleg brunasár, beinbrot, andlitsáverka, tognarir, þung höfuðhögg, bakáverka og grunur um innvortis meiðsl.
- Gera þarf að sárum með búnaði úr sjúkrakassa og ef þurfa þykir veita fyrstu hjálp.
- Starfsfólk skiptir með sér verkum og sér til þess að sinna öðrum börnum.
- Ef áverka eru alvarlegir/lífshættulegir er hringt í 112 og barni fylgt á sýsladeild.
- Haft er samband við forráðamenn.
- Starfsmönnum frístunda ber að sækja skyndihjálparámskeið annað hvert ár.

HÖFUÐHÖGG

- Fá barn högg á höfuðið skal alltaf hafa samband við foreldra/forráðamenn.
- Hafa skal í huga að heilahristingur kemur ekki í ljós fyrr en eftir nokkra klukkutíma.
- Gera skal skýrslu um sýsið.

SJÚKDÓMAR/OFNÆMI

- Sé barn með alvarlegan sjúkdóm eða ofnæmi er mikilvægt að allit starfsfólk sé upplýst um það og viti um staðsetningu á adrenalínþenna eða öðru sem til þarf og að notkun allra hjálpartækja sé öllum ljós.

FERÐ UNDIRBÚIN

- Bakpoki með: sjúkrakassa, gsm síma og viðverulista/ aðstandendalista. Huga þarf vel að börnum með sérþarfir og sjúkdóma.
- Ef ná þarf sambandi við forráðamenn er haft samband við skólaritara til að fá upplýsingar um símanúmer.
- Mynda skal tvöfalda röð og börn talin í upphafi og þegar lagt er af stað til baka.
- Mikilvægt að starfsmaður sé fremst og annar aftast sem hefur yfirsýn yfir hópinn.
- Miða skal við að fjöldi barna á hvern starfsmann í lengri ferðum sé ekki meiri en 10 börn.

FARIÐ YFIR GÖTU

- Þegar komið er að gangbraut skal stöðva röðina og gæta þess að umferð stöðvist ekki fyrr en hópurinn er tilbúinn að fara yfir götuna.
- Mikilvægt að börnin gangi yfir götuna þegar umferð hefur stöðvast og að starfsfólk fari á undan röðinni og aftasti starfsmaður fer síðastur yfir.
- Hópurinn skal ganga rösklega yfir umferðargötuna.

STRÆTÓFERÐIR

- Hámarksfjöldi í hverri ferð eru 28 börn.
- Kynna sér vel tímaáætlun stræto.
- Halda skal skipulagðri röð í strætóskýli og þegar gengið er inn og út úr stræto.
- Starfsmenn hafa stjórn á hópnum meðan beðið er eftir stræto svo börnin séu róleg nálægt umferð.
- Telja skal börnin inn í stræto og sjána stræto kort.
- Börnunum komið fyrir í sætum (þrjú börn í tveimur sætum ef þörf er á). Ef engin sæti eru laus er mikilvægt að börnin sitji á gólfinu.
- Einn starfsmaður er við hverja útgöngudyr til að passa að börnin fari ekki út á vitlausum stað. Mikilvægt að einn starfsmaður fari vel yfir vagninn áður en hann er yfirgefinn til að vera viss um að öll börnin séu farin úr stræto.
- Gæta skal þess að ekki sé farið yfir götu fyrr en vagninn er farinn.
- Þegar á staðinn er komið skal leggja fyrir hópinn þær reglur sem gilda á viðkomandi stað.

FARIÐ Í ÍPRÓTTARÚTU

- Starfsmenn frístunda sjái til þess að þau mæti á réttum tíma í íþróttarútu.
- Starfsmenn íþróttafélagana sjá um að taka við þeim í rútunni og huga að öryggisþáttum s.s. að þau sitji í sætum sinum, spenni öryggisbelti o.fl.

ALMENNINGSGARÐAR

- Starfsmaður finnur stað þar sem börnin geta geymt töskur og klæðnað. Mikilvægt er að einn starfsmaður sé ávallt vakandi yfir að vera nálægt bækiðöðinni til öryggis.
- Reglur sem gilda um staðinn útskýrðar og dagskráin kynnt.
- Muna að telja börnin áður en garðurinn er yfirgefinn.

HEIMSÓKNIR Í FYRIRTÆKI OG STOFNANIR

- Starfsmaður skal fara á undan og tilkynna komu hópsins.
- Starfsmaður fer yfir reglur varðandi heimsóknina og almennar umgengisreglur.
- Mikilvægt er að telja börnin og hafa góða yfirsýn yfir hópinn.



Kópavogsbær